




TÍMAMÓT Þjálfar aðra til þess að verða betri en hann var í spjót-kastinu. **16**



LÍFIÐ Guðfræðingurinn og tónlistarmaðurinn Hjalti Jón Sværriðsson gaf út sína fyrstu sólóplötu. **22**



SPORT Guðjón Valur Sigurðsson varð Evrópumeistari með Barcelona um helgina. **24**

Til hvers að flækja hlutina?

LIFÐU Í NÚLLINU!

365

365.is
Sími 1817

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

1. júní 2015
126. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Erfitt að fá sérfræðinga

Erfiðlega gengur að fá sérgreinalækna til að starfa hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri. Framkvæmdastjóri lækninga segir þetta skýrast af staðsetningu spítalans og efnahagshruninu árið 2008. **8**

Héldu öldruðum manni nauðugum Þrjár einstaklingar játuðu fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra að hafa farið óboðnir inn á heimili bónda á átttræðisöldri og haft af honum fé. **2**

Óásættanlegt boð Hjúkrunarfræðingar geta ekki sætt sig við að vera 59 þúsundum fyrir ofan lægstu laun. **4**

Í takti við skipulag Ný samgöngumíðstöð mun rísa í Holtagörðum fljótlega. Formaður skipulagsráðs segir hugmyndina samrýmast stefnu Reykjavíkurborgar. **6**

Alþjóðlegt markaðsátak Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi halda utan um herferð í markaðsmálum íslensks sjávarfangs. Kastljósið beinist að neytendum. **10**



2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



STRANDBLAK Í LAUGARDAL Strandblakvöllur hefur verið lagður við Laugardalslaug en það var gert fyrir Smáþjóðaleikana sem verða settir í kvöld. Þrátt fyrir að völlurinn sé lagður sérstaklega fyrir keppni á leiknum er hann varanlegt mannvirki og verður opinn fyrir gesti Laugardalslaugar.

Frumvarp um afnám hafta í þessari viku

Vinna við frumvarp um afnám hafta er á lokastigi. Stefnt að því að kynna það fyrir ríkisstjórn á morgun. Stjórnarandstaðan fær kynningu í kjölfarið. Aðeins örfáir utan oddvita stjórnarflokkanna upplýstir. Átti að kynna málið fyrir helgi.

STJÓRN MÁL Frumvarp um afnám gjalddeyrishafta er á lokametrinum og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er stefnt að því að það verði kynnt fyrir ríkisstjórn á morgun. Til stóð að kynna frumvarpið á ríkisstjórnarfundi á föstudag, en úr því varð ekki. Heimildir Fréttablaðsins herma að þar hafi fremur ráðið sú athygli sem fór í umfangsmiklar tillögur stjórnvalda til þess að greiða fyrir kjarasamningum.

Oddvitar ríkisstjórnarflokkanna,

þeir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, hafa haldið málinu mjög þétt að sér og aðeins örfáir vita hvað í frumvarpinu felst. Flestir, ef ekki allir, aðrir ráðherrar munu sjá frumvarpið fyrst á fundi ríkisstjórnarinnar.

Þar spilar fyrst og fremst inn í að frumvarpið getur haft áhrif á markaði og því ríkir þessi leynd yfir því. Aðeins sérvaldir aðilar hafa fengið að lesa frumvarpið yfir.

Efni frumvarpsins verður í kjölfarið kynnt fyrir stjórnarandstöðunni, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefði það verið gert í dag hefði náðst að fjalla um málið á ríkisstjórnarfundi á föstudag.

Bæði Bjarni og Sigmundur Davíð hafa boðað frumvarpið á yfirstandandi þingi. Rætt hefur verið um að setja á stöðugleikaskatt til að stýra því útflæði gjaldeyris sem losun fjármagnshaftanna hefur óhjákvæmilega í för með sér.



ALSÆLL Egill kaftéinn á skipsþjöl.

Egill Ólafsson eignast skútu: Vill sigla um heimsins höf

FÓLK Söngvarann Egill Ólafsson hefur lengi dreymt um að sigla um heimsins höf og nú sér hann fram á að sá draumur gæti ræst, hefur eignast skútu og hyggst leggja úr höfn með sumrinu. Hann tók svokallað pungapróf fyrir um fimmtán árum.

- glp / sjá síðu 30

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg

Actavis

Polandi kynferðisofbeldis segir mjög mikilvægt að segja frá reynslunni:

Líklegt að fleiri leiti sér hjálpar

SAMFÉLAG Umræðan um kynferðisofbeldi sem fram hefur farið á Beauty Tips um helgina kann að verða til þess að bæði brotamenn og brotapolar leiti sér hjálpar.

Þetta segja þau Anna Bentína Hermansen, starfskona Stigamóta og polandi kynferðisofbeldis, og Ólafur Örn Bragason réttarsálfræðingur.

Anna og Ólafur benda bæði á að umræðan um mál Karls Vignis Þorsteinssonar kynferðisbrotamanns hafi orðið



ÓLAFUR ÖRN BRAGASON



ANNA BENTÍNA HERMANSEN

til þess að fleiri leituðu hjálpar. Anna Bentína segir mjög mikilvægt að þolendur segi frá. Þetta þekki hún af eigin reynslu. „Það var ekki hægt að fara neinar hliðarleidir,“ segir hún.

Ólafur segir að brotamenn hafi leitað sér hjálpar eftir umræðuna um mál Karls Vignis. „Þó að málin færu ekki fyrir dóm, af því að málin voru fyrnd, þá voru margar fjölskyldur í sárum og þessir einstaklingar þurftu að taka á sínum málum,“ segir Ólafur.

jhh / sjá síðu 4

100% HREIN E-VÍTAMÍN OLÍA
Við hrukum, örur, sliti og þurri húð

dr.organic
Bioactive Skincare
Organic Vitamin E Pure Oil

Fæst í Heilsuhúsinu, Lyfju og Apótekinu.

VEÐUR



Norðaustanátt í dag og verður vindurinn víðast hvar á bilinu 8 til 15 m/s. Rigning með köflum um landið norðan- og austanvert, en yfirleitt bjartviðri syðra. Hiti frá 3 stigum norðaustan til upp í 13 stig sunnanlands.

sjá síðu 18

Jákvæð viðbrögð íbúa í Örebro í Svíþjóð við nýjum gólfrenningi: Kirkjuteppið í regnbogalítum

SVÍÞJÓÐ Þeir sem ganga inn eftir kirkjugólfinu í St. Nicolai-kirkju í Örebro í Svíþjóð þessa dagana ganga á renningi með litum regnbogans. Til stóð að hafa renninginn á kirkjugólfinu þegar gleðiganga fer fram í Örebro í ágúst næstkomandi en ákveðið var að leggja renninginn á gólfið þegar um hvítasunnu.

Á vef Aftonbladet er haft eftir sóknarprestinum, Anders Lennartsson, að lögð sé áhersla á að fyrir alla og þess vegna hafi hún



kirkjan sé opin í fleiri kirkjum í Svíþjóð, að því er Aftonbladet tekið þátt í gleð-

göngunni frá því að hún hófst. Sóknarpresturinn veltir því nú fyrir sér hvort það geti ekki verið áhrifaríkt að halda á renningnum, sem er 24 metra langur, í gleðigöngunni í ágúst.

Renningurinn átti aðeins að vera á gólfinu í eina viku núna í maí en þar sem viðbrögðin hafa verið svo jákvæð var ákveðið að hafa hann lengur. Renningar með litum regnbogans eru

Listinn lak til fjölmiðla: Bannlisti Rússa birtur á netinu

RÚSSLAND Rússnesk stjórnvöld settu saman í vikunni lista yfir þá sem bannað er að koma til landsins. Listinn var ekki ætlaður til opinberrar birtingar, en hann var afhentur sendinefnd Evrópusambandsins í Moskvu í vikunni og lak til fjölmiðla. Áttatíu og níu stjórn-málamenn eru á listanum.

Meðal þeirra sem eru á listanum er Nick Clegg, fyrrverandi aðstoðarforsætisráðherra Bretlands. Enginn Íslendingur er á listanum.



HEIFT Ungi pilturinn fékk góða útrás á dúkkunni. NORDICPHOTOS/AFP

Fólk lætur reiði sína bitna á dúkku í líki Rússlandsforseta: Kýlir Pútín-dúkkuna kalda

ÚKRAÍNA Vladimír Pútín, forseti Rússlands, er ekki uppáhald allra í Úkraínu um þessar mundir. Það sést greinilega þar sem fjöldi fólks í borginni Lviv, sem er í vesturhluta Úkraínu, lét reiði sína bitna á svokallaðri Pútín-dúkku. Um er að ræða dúkku sem lítur út eins og Pútín og lét fólk högginn dynja á henni í gær. Ungur piltur kýlir dúkkuna kalda á myndinni og má greina nokkra heift í andliti drengsins, hann var einn af mörgum sem lúskruðu á dúkkunni í gær.

Hundrað skóla skemmdust: Skólar í Nepal hefja starfsemi

NEPAL Skólar í Nepal hafa nú hafið starfsemi á ný eftir skjálftana sem riðu yfir í lok apríl og byrjun maí. Frá þessu greinir The Guardian.

Mörg hundrað skólar skemmdust mikið eða urðu gjörsamlega ónothæfir í skjálftanum og hafa tímabundin skólaskýli verið sett upp til þess að börn geti notið verndar og fengið aftur reglu í líf sitt.

Börnin sem snúa aftur í skólann glíma enn við afleiðingar náttúruhamfaranna en tæplega níu þúsund létu lífið í skjálftanum.

Miðar vel í Norðfirði: Búið að grafa 6,6 kílómetra

SAMGÖNGUR Búið er að grafa um 6,6 kílómetra af Norðfjarðargöngum eða um 87% heildarveglengdarinnar. Ágætur gangur er í gangagreftrinum en nokkuð vatn hefur sett örliðið strik í reikninginn. Gangagröfturinn er því á áætlun.

Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að grafa rúmlega sjö og hálfan kílómetra og steypa um 350 metra af vegskálum. Göngin leysa af hólmi Oddskarösgöng milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar sem gerð voru árið 1973 og liggja í um 630 metra hæð yfir sjávarmáli.

Kúguðu milljón af öldruðum bónda

Þrír einstaklingar játuðu fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra að hafa farið óboðnir á heimili bónda á áttæðisaldri í apríl í fyrra, haldið honum nauðugum á heimili hans, millifært fé af reikningi hans og stolið greiðslukortum mannsins.

DÓMSMÁL Þrír einstaklingar, tveir karlar og ein kona, játuðu fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra að hafa farið inn á heimili áttæðis karlmanns í Þingeyjarsveit í apríl í fyrra og haft í hótunum við hann. Var greiðslukort mannsins tekið ófrjálsri hendi sem og fjöldi smáhluta og reynt að milli færa eina milljón króna af heimabanka mannsins. Sakborningar voru allir í mikilli vímuefnaneyslu þetta umrædda kvöld.

Þremmingarnir, sem höfðu verið að skemmta sér vegna afmælis konunnar, bönkuðu upp á hjá manningnum, sem er bóndi í Þingeyjarsveit, um átta um kvöldið. Töldu þau að hann skuldaði konunni, sem er á þrítugsaldri, fjármuni vegna gamalla saka. Hann yrði að borga konunni ellagar hljóta verra af. Fórnlamb-ið er fætt árið 1935 og átti því við ofurefli að etja.

Mennirnir tveir þekktu ekki til mannsins en konan hafði verið í sveit á sama bæ og hann þegar hún var yngri. Hafði hann misnotað hana kynferðislega og hlotið dóm fyrir. Þessir atburðir höfðu lagst þungt á konuna sem vildi á þessum tíma fá greiddar bætur frá manningnum.

Nokkur hluti fjárkúgunarinnar af öldungnum var eitt meginsönnunargagn fyrir dómi síðastliðinn föstudag. Einn sakborninganna tók um 20 mínútna langan búp upp sem hljóðskrá og var hluti hennar spilaður fyrir réttinum. Í því hljóðbroti heyrir hvar þau hóta ellilífeyrisþegnum að ef hann gengi ekki að kröfum þeirra myndu aðrir menn



LOSUÐU SIG VIÐ PÝFI Fjöldi smáhluta sem erfitt var að koma í verð fannst daginn eftir atburðinn við Goðafoss skammt frá heimili mannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

koma í málið sem búsettir væru á höfuðborgarsvæðinu. Einnig sagði konan að vegna úppgerðra saka við manningnum skyldi hún kæra hann fyrir nauðgun sem þau myndu nota gegn honum.

Fórnlamb-ið sagðist fyrir rétti hafa ætlað á söngskemmtun þetta kvöld en ekki komist þar sem þau héldu honum inni í eldhúsi hjá sér og voru nokkuð ör. Höfðust þau við í íbúðinni í tæpar þrjár klukkustundir. Höfðu þau ýmislegt lauslegt á brott með sér og reyndu að millifæra eina milljón eins og áður segir í heimabanka mannsins.

→ Ung kona sem tók þátt í ofbeldinu var misnotuð af manningnum þegar hún var yngri. Þremmingarnir kröfðust þess að maðurinn greiddi fébætur vegna þess.

Greiðslukort mannsins notuðu þau til að kaupa áfengi á Akureyri að lokinni árásinni. Er þau kærð fyrir fjárkúgun, gripdeild og ógnanir sem þau höfðu í frammi við ellilífeyrisþegnum.

sveinn@frettabladid.is

Stjórnarmenn í OR heita þagmælsku um störf sín fyrir fyrirtækið: Undirrita trúnaðaryfirlýsingu

STJÓRNSÝSLA Meðlimir stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur hafa undirritað nýja yfirlýsingu um trúnað vegna starfa sinna fyrir fyrirtækið.

„Ég skuldbind mig til að gæta þagmælsku um allar trúnaðarupplýsingar sem ég kann að fá vitneskju um með aðgangi mínum að tölvukerfum OR við stjórnarsetu fyrir OR eða dótturfélag,“ segir í yfirlýsingunni, sem stjórnarmenn undirrituðu á fundi í lok apríl.

Að sögn Haraldar Flosa Tryggvasonar, formanns stjórnar OR, er með þessu aðeins verið að uppfæra fyrri trúnaðaryfirlýsingu. „Þetta er ekki nýtt heldur eldgamalt,“ segir Haraldur um ástæður trúnaðaryfirlýsinganna. „Það var verið að taka upp nýja gátt fyrir stjórnarmenn í kerfunum. Hjá fyrirtækinu er upplýsingastefna og öryggisstefna sem kalla á það að við smæstu breytingar þurfi að endurnýja trúnaðaryfirlýsingar stjórnarmanna.“

Trúnaðarákvæði munu áður fyrr hafa verið í starfsreglum stjórnarmanna. Trúnaðaryfirlýsingin nú er framhald af þeim og af annarri viðlíka yfirlýsingu sem stjórnarmenn þurftu að undirrita í vetur sem leið.



HARALDUR FLOSA TRYGGVASON Pagnarskylda helst eftir lok stjórnarsetu í Orkuveitunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkvæmt yfirlýsingunni heita stjórnarmenn því að nota vitneskju sína ekki til annars en þess sem tengist beint stjórnarstörfum þeirra fyrir OR eða dótturfélag. Þeir mega heldur ekki taka afrit af hugbúnaði eða gögnum, öðrum en þeim sem tengjast stjórnarsetu, út úr húsi án skriflegs leyfis.

gar@frettabladid.is



Aegis tjaldvagn

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is



Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16



1975 | Bílabúð Benna | 2015

CHEVROLET



CAPTIVA LT
VERÐ 5.990.000 KR.

10% ÚTBORGUN: 599.000 KR.

DÍSEL • 7 SÆTA • HLAÐINN BÚNAÐI



FJÓRHJÓLADRIFINN OG SJÁLFSKIPTUR

Captiva er fjórhjóladrifinn og einn vinsælasti sportjeppinn á Íslandi. Hann kemur með ríkulegum staðalbúnaði og er jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Við hvetjum þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki – það margborgar sig.

- Skynvætt fjórhjóladrif
- Dísel Turbo
- 184 hestafla vél
- 7 sæta
- 17" álfelgur
- Aksturstölva
- Bluetooth samskiptakerfi

- Brekkubremsa (DCS)
- Stefnuljós í hliðarspeglum
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Aðgerðarstýri
- Rafmagn í hliðarspeglum
- Hjómflutningstæki
- USB tengi

- Fjaropnun á afturhlera
- Hiti í sætum
- Aðfellanlegir, rafdrifnir speglar
- Rafmagns handbremsa
- Eco sparnaðarstilling
- Tölvustýrð tveggja svæða loftkæling
- Led afturljós

Þetta er hluti af aukabúnaði – nánari upplýsingar á chevrolet.is

benni.is | chevrolet.is | Við erum á facebook | Verið velkomin í reynsluakstur

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Opnunartími
Mánudaga til föstudaga frá kl. 9 til 18
Laugardaga frá kl. 12 til 16

Bilabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



Bilabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Chevrolet á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bilabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af láns hæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyllt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

SPURNING DAGSINS



Sigtryggur, eru þessir tónar algjört trix?

„Peir er allavega betri en morfinfix.“ Sigtryggur Baldursson heillaðist af hljómsveit eldri borgara í Porlákshöfn en hún heitir Tónar og Trix. Hann aðstoðar hljómsveitina og mun stíga á svið með henni á tvennum tónleikum.

Samgönguáætlun gerir ekki ráð fyrir framkvæmdum við Akureyrarflugvöll þrátt fyrir loforð: Flughlað ekki á dagskrá á kjörtímabilinu

SAMGÖNGUR Ekki er gert ráð fyrir nýju flughlaði á Akureyrarflugvelli í samgönguáætlun til ársins 2018 sem Ólöf Nordal, innanríkisráðherra hefur lagt fyrir þingið. Er þetta nokkur tíðindi þar sem formaður umhverfis- og samgöngunefndar þingsins sem og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra sögðu á síðasta ári mikilvægt að ljúka við gerð flughlaðsins sem fyrst. Í samgönguáætlun þeirri sem nú er til meðferðar í þinginu

segir að framkvæmdakostnaður við gerð flughlaðsins rúmist ekki á áætluninni. Stækkun flughlaðs Akureyrarflugvallar gerir flugvellinum kleift að taka á móti stærri og fleiri vélum og eykur líkurnar á millilandaflugi um völinn. Hafa menn bent á mikilvægi þess að dreifa ferðamönnum um landið og því mikilvægt að ljúka gerð flughlaðsins. Höskuldur Þórhallsson, formaður samgöngunefndar Alþingis,

sagði í október í fyrra að mikilvægt væri að fá fjármagn til verksins á fjárlögum ársins 2015 og sagðist bjartsýnn á að það næðist. Það fjé fékkst ekki og samkvæmt samgönguáætluninni verður ekki ráðist í framkvæmdina á kjörtímabilinu. Ekki náðist í Höskuld þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir blaðsins. -sa



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON Formaður samgöngunefndar Alþingis FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



HAFNARFJARÐARHÖFN ÚR LOFTI Unnið er að því að hreinsa skólpið.

Skolpmengun fyrirsjáanleg: Hleypa skólpi út um yfirföll

UMHVERFISMÁL Komið hefur í ljós að óþarflega mikið skólpi rennur um yfirfall í Hafnarfjarðarhöfn og framhjá hreinsistöðvum bæjarins sem hreinsa skólpið áður en því er dælt langt út á flóanum. Vegna þessa er meiri skólpmengun í Hafnarfjarðarhöfn en búist var við. Framkvæmdadeild Hafnarfjarðar munu taka næstu tvær vikur í að vinna að lagfæringum svo yfirföll heyrir nánast sögunni til. Á framkvæmdatímanum mun gæta meiri saurmengunar í Hafnarfjarðarhöfn og í fjöllum í bæjarlandinu. -sa

Hefur reynslu af Rússum: Saakashevili fær yfirráð í Odessa

ÚKRAÍNA Mikheil Saakashvili, fyrrverandi forseti Georgíu, var skipaður ríkisstjóri í Odessa af Petro Porosjenkó, forseta Úkraínu. Saakashvili var forseti Georgíu þegar Rússar réðust inn í landið árið 2008. Tilkynnt var um skipunina síðastliðinn laugardag og hefur hún vakið mikla athygli. Odessa stendur nálægt Svartahafinu og óttast Úkraínunum mjög um öryggi svæðisins. Er skipun Saakashvili sagður liður í því að hafa mann á milli sem reynslu hefur af deilum við Rússa. -ngy

Óttast lög á verkfallið

Formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga segir hjúkrunarfræðinga ekki geta sætt sig við að vera 59 þúsund krónum yfir lægstu launum. Lög á verkfallið leysi ekki vandann. Ekkert miðar áfram í kjaraviðræðum.

KJARAMÁL „Það er ekkert að gerast,“ segir Ólafur G. Skúlason, formaður Félags hjúkrunarfræðinga, í samtali við Fréttablaðið, aðspurður hver staðan sé í kjarasamningaviðræðunum. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga sleit síðla dags á föstudaginn viðræðum sínum við samninganefnd ríkisins. Ólafur segir að hjúkrunarfræðingar hafi fengið tilboð um svipaðar krónutöluhækkningar og almenni markaðurinn fékk. „Það sem hefði gerst við þennan samning er að eftir fjögur ár hefðu byrjunarlaun hjúkrunarfræðinga farið úr 304 þúsund í 359 þúsund, á meðan lágmarkslaun á almenna markaðnum yrðu 300 þúsund. Hjúkrunarfræðingur myndi aldrei samþykkja slíkan samning,“ segir Ólafur. Hann ítrekar að hjúkrunarfræðingar vilji að menntun og ábyrgð þeirra séu metin til launa og að störf hjúkrunarfræðinga verði eftirsóknarverð. „Af því að það er svo mikill flótti í stéttinni. Verkfall í dag verður bara venjuleg mönnum í framtíðinni ef ekki verður gert eitthvað í launamálum hjúkrunarfræðinga,“ segir Ólafur. Samkvæmt upplýsingum frá Bandalagi háskólanna er staðan í viðræðum þeirra við ríkið svipuð og í viðræðum hjúkrunarfræðinga. Magnús Pétursson, fráfarandi ríkissáttasemjari, segist hafa átt óformleg samskipti við deiluaðila um helgina. „En ég boða ekki til fundar nema að það sé tilefni til þess,“ segir hann.

Formaður Félags hjúkrunarfræðinga segist hræddur um að fljótlega verði farið að huga að því að setja lög á verkfallið, en það muni ekki leysa neitt vandamál. „Þú frestar kannski vandanum um einhvern tíma en hann er ennþá til staðar og ég hef heyrt það á félagsmönnum okkar að þeir munu ekki allir sætta sig við að það verði sett



Á LANDSPÍTALANUM Aðstoðarmaður forstjóra segir að starfsemi spítalans hafi gengið vel um helgina, en ástandið geti ekki verið óbreytt til lengdar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

á okkur lög,“ segir Ólafur. Hann hafi heyrt af hjúkrunarfræðingum sem muni segja upp ef lög verði sett á verkfallið. En þar tali hver og einn hjúkrunarfræðingur fyrir sig sjálfur. Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður forstjóra Landspítalans, segir að þrátt fyrir verkfallið hafi helgin gengið vel. En ástandið geti ekki gengið svona til lengdar. „Það gengur þokkalega að innskrifa, en mjög hægt

áð útskrifa.“ En hann endar, þessi góði tími. Það er alveg öruggt mál,“ segir hún. Ástæðan fyrir því að innskriftir ganga betur en útskriftir er sú að það voru laus pláss á spítalanum sem hefur þó fækkað. Aftur á móti vantar aðila til að taka á móti fólkinu eftir útskrift. Heimahjúkrun tekur síður við sjúklingum vegna verkfallsins og hið sama gildir um ýmsar stofnanir. jonhakon@frettabladid

→ Verkfallsaðgerðir

- Eftirtaldir aðilar eru í verkfalli:
- Dýralæknafélag Íslands
 - Félag geislafræðinga
 - Félag íslenskra náttúrufræðinga á Landspítala
 - Félag íslenskra náttúrufræðinga á Matvælastofnun
 - Félag hjúkrunarfræðinga
 - Félag lífeindafræðinga frá kl. 8-12 alla virka daga
 - Ljósmeðrafélag Íslands á Landspítala þriðjudagar, miðvikudagar og fimmtudagar
 - Ljósmeðrafélag Íslands á Sjúkrahúsinu á Akureyri mánudagar og fimmtudagar
 - Stéttarfélag lögfræðinga hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu
 - Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði á Matvælastofnun

Verkfall sem hefst 2. júní: Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hjá Fjársýslu ríkisins

Það sem hefði gerst við þennan samning er að eftir fjögur ár hefðu byrjunarlaun hjúkrunarfræðinga farið úr 304 þúsund í 359 þúsund, á meðan lágmarkslaun á almenna markaðnum yrðu 300 þúsund

Ólafur G. Skúlason formaður Félags hjúkrunarfræðinga

Opinber umræða kann að verða til þess að fleiri fái faglega aðstoð: Brotamenn leiti frekar hjálpar

SAMFÉLAG Ólafur Örn Bragason réttarsálfræðingur segir mögulegt að umræðan um kynferðisofbeldi á Beauty Tips á Facebook um helgina verði til þess að gerendur leiti sér hjálpar. Ólafur vísar til þess að þetta hafi gerst eftir umræðuna um mál Karls Vignis Þorsteinssonar brotamanns árið 2013. „Þó að málin færu ekki fyrir dóm, af því að þau voru fyrnd, þá voru margar fjölskyldur í sárum og þessir einstaklingar þurftu að taka á sínum málum,“ segir Ólafur. Tilkynningum um kynferðislegt ofbeldi mun mögulega fjölga eftir umræðu á Beauty Tips á Facebook. Margar konur lýstu um helgina mjög grófu ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. Anna Bentína Hermansen, starfskona Stígamóta og brotþoli kynferðisofbeldis, segir ómögulegt að fullyrða hvað gerist. „En síðast þegar umræðan var, varðandi mál Karls Vignis, þá gerðist það, að það var stanslaus aðsókn í Stígamót og fjölgun á tilkynningum til lögreglu,“ segir Anna Bentína. Hún bendir á að sumar þeirra kvenna sem hafa tjáð sig upp á síðkastið séu að segja frá í fyrsta skipti, þótt ofbeldisverkin hafi átt sér stað fyrir ein-



MIKILVÆGT AÐ TJÁ SIG Anna segir að margir þolendur séu að tjá sig í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Frá kr. **69.900** m/morgunmat

SÉRTILBOÐ

5. júní í 7 nætur

Salou

Oasis Park

Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 79.900 m.v. 2 í herbergi. 5. júní í 7 nætur.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 www.heimsferdir.is



Verð: 1.190.000 kr.

Peugeot 107 Cool ^{SJX04}
Skráður júlí 2011, 1,0i bensín, beinskíptur.
Ekinn 67.500 km.



Verð: 850.000 kr.

Citroën C3 SX ^{YZP88}
Skráður febrúar 2008, 1,6i bensín, beinskíptur.
Ekinn 120.000 km.



Verð: 2.390.000 kr.

Citroën Nemo Fourgon Van ^{BHM78}
Skráður desember 2014, 1,3TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 2.700 km. *í ábyrgð*



Tilboð: 8.290.000 kr.

Volvo XC90 Momentum D5 AWD ^{EYG10}
Skráður apríl 2012, 2,4Di dísil, sjálfskíptur.
Ekinn 72.000 km.
Ásett verð: 8.590.000 kr.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



Tilboð: 3.090.000 kr.

Ford Focus Trend Edition ^{JBX17}
Skráður september 2014, 1,0i bensín, beinskíptur.
Ekinn 2.200 km.
Ásett verð: 3.350.000 kr. *í ábyrgð*



Tilboð: 2.390.000 kr.

Renault Megane II Berline ^{FYM75}
Skráður mars 2012, 1,5TDi dísil, sjálfskíptur.
Ekinn 56.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.



Verð: 1.850.000 kr.

Suzuki Alto GL ^{DHA99}
Skráður júní 2013, 1,0i bensín, sjálfskíptur.
Ekinn 16.400 km. *í ábyrgð*

FINNDU BÍLINN ÞINN

Skoðu fleiri
dæmi hér!



NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING



Tilboð: 1.050.000 kr.

Ford Focus Trend ^{NN019}
Skráður október 2006, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 129.200 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.



Tilboð: 2.490.000 kr.

Toyota Yaris Hybrid ^{MMS90}
Skráður janúar 2013, 1,5i hybrid, sjálfskíptur.
Ekinn 27.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr. *í ábyrgð*



Tilboð: 3.390.000 kr.

Ford Escape Limited AWD ^{AYX84}
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfskíptur.
Ekinn 99.900 km.
Ásett verð: 3.590.000 kr.



Tilboð: 2.790.000 kr.

Volkswagen Passat Metan ^{UGD66}
Skráður júlí 2012, 1,4i bensín/metan, sjálfskíptur.
Ekinn 74.000 km.
Ásett verð: 3.190.000 kr.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



Tilboð: 3.550.000 kr.

Ford Kuga Titanium S ^{PGH11}
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskíptur.
Ekinn 101.000 km.
Ásett verð: 3.990.000 kr.



Tilboð: 1.750.000 kr.

Nissan Micra Visia ^{OX512}
Skráður júní 2012, 1,2i bensín, sjálfskíptur.
Ekinn 43.100 km.
Ásett verð: 1.890.000 kr.



Tilboð: 1.890.000 kr.

Citroën C4 Comfort ^{NIU78}
Skráður mars 2013, 1,6TDCi dísil, beinskíptur.
Ekinn: 82.000 km.
Ásett verð: 2.090.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarin fara
beint á Facebook!

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er forseti FIFA?
2. Hvar opnuðu íslenskar konur sig fyrir helgi um kynferðislegt ofbeldi?
3. Hve margar íbúðir ætla ríkisstjórnin að láta byggja næstu fjögur ár?

SVÖR
 1. Sæpp Blatter 2. Beauty Tips á Facebook 3. 2.300 félagsleigar íbúðir

Foreldrar ósáttir við að hafa ekki verið hafðir með í ráðum þegar ákvörðun var tekin um flutninga:

Hjallastefnan fær inni í Engidalsskóla

HAFNARFJÖRÐUR Foreldrar barna í Norðurbæ Hafnarfjarðar eru ósáttir við þá tilhögun bæjaryfirvalda að leigja Hjallastefnunni skólahúsnæði á vegum bæjarins í starfstöð Viðistaðaskóla í Engidal fyrir 5. og 6. bekk.

Ásdís Björk Kristjánsdóttir á barn í 4. bekk grunnskólans og því mun það fara í Viðistaðaskóla næsta haust. „Okkur finnst aftan að okkur komið og skiljum ekki þessa tilhögun. Ef rými er til staðar í Engidalsskóla fyrir skólahald í 5. og 6. bekk þykir okkur einsýnt að þau börn sem fyrir eru í skólanum geti haldið áfram námi þar,“ segir Ásdís Björk.

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður fræðsluráðs, segir nægt pláss vera til staðar. „Þetta var gert í góðu samráði við leikskólastjóra og skólastjóra. Hér er um að ræða þrjátíu börn á vegum Hjallastefnunnar og eftir því sem ég kemst næst þá á þessi ráðstöfun ekki að þrengja að þeim börnum sem fyrir eru. Samkomulag um þetta náðist í góðri samstöðu og sátt,“ segir Rósa.

Foreldraráð leikskólans Álfaborgar hefur sent bæjaryfirvöldum bréf þar sem þessi tilhögun er gagnrýnd. Kemur fram í bréfinu að þau telji bæjaryfirvöld hafa farið á svig við eigin stefnu í skóla og fjölskyldumálum. -sa



RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR Hjallastefnan sendi inn erindi þann 30. apríl þar sem fyrirtækið óskaði eftir húsnæði fyrir starfsemi sína. Þann 21. maí var samþykkt að veita henni aðstöðu í Engidalsskóla. Fræðsluráð hefur ekki tekið samþykktina fyrir á fundi.

Samrýmist skipulagi Reykjavíkurborgar

Ný samgöngumiðstöð mun rísa í Holtagörðum fljótlega. Gray Line Iceland mun hafa heimahöfn í húsnæði Reita hf. Hjálmar Sveinsson segir þetta samrýmst stefnu Reykjavíkurborgar. Ekkert pláss sé til staðar í miðborginni fyrir starfsemina.

REYKJAVÍK Ný samgöngumiðstöð mun taka til starfa í Holtagörðum á næstunni. Gray Line Iceland og rekstraraðilar AVIS- og Budget-bíllaleiganna hafa undirritað samkomulag þess efnis við Reiti hf. sem á og rekur verslunarmiðstöðina við Holtagarða. Allar rútuferðir Gray Line Iceland munu hefjast og enda í Holtagörðum.

Þórir Garðarsson, sölu- og markaðs stjóri Gray Iceland, segir það hafa legið fyrir lengi að fyrirtækið þurfi að fara frá Lækjartorgi þar sem starfsemi fyrirtækisins hefur haft aðsetur upp á síðkastið. „Við höfum verið að vinna í því undanfarin ár að finna nýja staðsetningu undir reksturinn sem gæti hentað fyrirtæki eins og Gray Line. Þetta er niðurstaðan að þjónusta ferðamenn frá Holtagörðum og taka þátt í þeirri uppbyggingu,“ segir Þórir. „Allar okkar ferðir hefjast og enda í Holtagörðum. Á rólegum dögum erum við að tala um 2.000 farþega en fer yfir 3.000 á góðum degi. Því þarf mikið til og þetta er gott skref fyrir svæðið. Við munum því halda áfram að þróa þetta verkefni í Holtagörðum.“



HJÁLMAR SVEINSSON

Hjálmar Sveinsson, formaður skipulagsnefndar Reykjavíkurborgar, segir þessa uppbyggingu fara vel saman við skipulag borgarinnar í þessum efnunum. „Mér sýnist þetta samrýmst stefnu Reykjavíkurborgar ágætlega þar sem við vitum að ekki er pláss í Lækjargötu fyrir starfsemina. Mér skilst að enn sem komið er sé líka of þröngt um vik við BSÍ því þar er fjöldi fyrirtækja með mikið af bílum. Þarna er stórt malbikað svæði og við munum finna lausn á þessu. Svo er það undir fyrirtækinu komið hvort lausnin sé til lengri eða skemmri tíma.“



NÝ SAMGÖNGUMIÐSTÖÐ Um tvö þúsund gestir munu daglega bætast í hóp viðskiptavina í Holtagörðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR



UPPDÁTTUR Eins og sést á myndinni munu Reitir byggja upp nýtt þjónustutorg fyrir ferðamenn.

Þórir segir fyrirtækið munu þjónusta ferðamenn vel með því að skutla þeim á minni bílum til og frá hótélum og gististöðum. „Við erum að sækja ferðamenn á um 120 staði í 101 og munum halda því áfram. Því mun sókn stórra ökutækja frá okkur minnka niður í miðbæ Reykjavíkur.“ segir Þórir.

Gert er ráð fyrir að starfsemin hefjist fljótlega á svæðinu. Samhliða því að fyrirtækin flytji heimahöfn sína í Holtagarða munu Reitir byggja upp nýtt matar- og þjónustutorg fyrir alla þá ferðamenn sem munu heimsækja húsið á næstu árum.

sveinn@frettabladid.is

Um 75% borgarbúa flokka sjaldan eða aldrei lífrænan úrgang sýnir könnun:

Styrkir rannsókn á matarsóun

NEYSLA Reykjavíkurborg mun veita Landvernd tveggja milljóna króna styrk til að vinna forrannsókn á matarsóun á reykvískum heimilum, taka saman hugmyndir að aðgerðum og setja upp vefsíðu til að miðla upplýsingum um matarsóun og varnir gegn henni á Íslandi.

Forrannsóknin tekur til valinna þátta og mun fara fram á 15-20 reykvískum heimilum.

Í spurningakönnun sem Capacent Gallup (2014) vann fyrir Reykjavíkurborg og SORPU bs.

í mars á þessu ári kom fram að um 75% íbúa höfuðborgarsvæðisins flokka sjaldan eða aldrei lífrænan eldhúsúrgang, þ.e. matarleifar. Jafnframt kom fram að um 65% myndu flokka meira ef eldhúsúrgangur væri sóttur á heimili þeirra. Könnunin sýndi því ríkan vilja íbúa höfuðborgarsvæðisins til að flokka lífrænan úrgang frá öðrum úrgang, en flokkun kynni einmitt að vera fyrsta skrefið til að öðlast yfirsýn á umfang matvæla sem hent er, segir í tilkynningu. -shá



SÓUN Milljarða virði af mat er hent árlega.

TENNISÆFINGAR FYRIR 13-18 ÁRA
 byrjendur í sumar
 virka daga kl. 16.30-18

Upplýsingar & skráning í síma
 564 4030 og á tfk.is



Tennisfélag Kópavogs

THE EFFECTS OF CLIMATE CHANGE ON THE OCEAN BIOSPHERE

Áhrif loftslagsbreytinga á lífríki sjávar

Opinn fundur á vegum Náttúruverndarsamtaka Íslands, franska sendiráðsins, Evrópustofu og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

Þriðjudaginn 2. júní kl. 09.00-10.30
 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins

Á þessum fundi verður rætt um áhrif loftslagsbreytinga á vistkerfi sjávar, súrnun hafsins, breytta fiskigengd í hafinu og COP21 loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París.

Frummælendur:

Kelly Rigg, framkvæmdastjóri og stofnandi Varda Group
 Attilio Gambardella, sérfræðingur hjá ESB á sviði loftslagsaðgerða
 Haukur Þór Hauksson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi
 Philippe O'Quin, sendiherra Frakklands á Íslandi
 Fundarstjóri: Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.
 Boðið verður upp á kaffiveitingar frá kl 08.30 til 09.00.

www.ams.hi.is og www.evroputofa.is



Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



RISAÚTSALA!

Gerðu bestu kaup sumarsins á vefnum!



LG 47" 3D SNJALLSJÓNVARP
VERÐ ÁÐUR
~~159.990,-~~
119.990,-

40.000,-
afsláttur



PIMA JERSEY
STUTTERMABOLUR
VERÐ ÁÐUR
~~8.990,-~~
3.596,-

60%
afsláttur



50%
afsláttur

PRÓTEIN POKAR
VERÐ ÁÐUR ~~9.490,-~~
4.690,-



UNOLD 28031 COFFEE
MACHINE WHITE LINE
VERÐ ÁÐUR
~~5.990,-~~
2.990,-

50%
afsláttur

86%
afsláttur

UNIT IPHONE 5S
HULSTUR
VERÐ ÁÐUR
~~4.990,-~~
690,-



85%
afsláttur

TURTLES GO TIME
VERÐ ÁÐUR ~~4.490,-~~
690,-

wear

NÁTTFATASETT
VERÐ ÁÐUR
~~6.490,-~~
3.894,-

40%
afsláttur



75%
afsláttur

LOOM
VINATEYGJUR
VERÐ ÁÐUR ~~299,-~~
75,-



NERF

NERF VOTEX
DISKABYSSA
VERÐ ÁÐUR
~~6.990,-~~
1.690,-

76%
afsláttur



70%
afsláttur

MATCH ATTAX SAFNMAPPA
VERÐ ÁÐUR ~~2.990,-~~
897,-



8.000,-
afsláttur

VERÐ ÁÐUR ~~56.990,-~~
48.990,-

SAMSUNG
SAMSUNG GALAXY A3

50%
afsláttur



5 VIÐAR SPIL
VERÐ ÁÐUR ~~5.490,-~~
2.748,-



18.000,-
afsláttur

LG SOUNDBAR 2.1 BLUETOOTH
VERÐ ÁÐUR
~~54.990,-~~
36.990,-



70%
afsláttur



LEGO WEAR ALF HÚFUR
VERÐ ÁÐUR ~~3.290,-~~
987,-



VERBATIM USB 3.0 STORE N
OG SUPERSPEED 16GB GULLUR
VERÐ ÁÐUR
~~2.590,-~~
1.190,-

54%
afsláttur

Verbatim



60%
afsláttur

NAUÐSYNLEGAR
FITUSÝRUR
VERÐ ÁÐUR
~~4.990,-~~
1.996,-

BRAUN



BRAUN MULTIQUEICK 3
300 DJÚSVÉL
VERÐ ÁÐUR
~~29.990,-~~
18.990,-

37%
afsláttur



78%
afsláttur

PÚSLUSPIL
VERÐ ÁÐUR ~~2.290,-~~
499,-



42%
afsláttur

NIKE PRO
MEÐ V HÁLSMÁLI
VERÐ ÁÐUR
~~5.990,-~~
3.490,-



47%
afsláttur

ARMAGGEDDON
A5 2.1 HÁTALARAR
VERÐ ÁÐUR ~~29.990,-~~
15.990,-



70%
afsláttur

FROZEN
PRÍVÍDDARRÁMMI
VERÐ ÁÐUR
~~2.990,-~~
897,-

60.000,-
afsláttur



56 DROPLET AIRDOCK
VERÐ ÁÐUR ~~89.990,-~~
29.990,-



20.000,-
afsláttur

VERÐ ÁÐUR
~~99.990,-~~
79.990,-

LANDMANN MITON
3JA BRENNARA GASGRILL

Öryggi - Ekkert mál að skila eða skipta

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

Hægt að greiða við afhendingu

Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

Frí heimsending samdægurs

Höfuðborgarsvæðið: Þantaðu fyrir kl. 13:00 og sendingin getur verið komin til þín fyrir 16:00 sama dag og strax sama kvöld ef pöntun berst fyrir kl. 17:00. Pantanir berast strax daginn eftir víðast hvar á landsbyggðinni. Allar pantanir yfir 4.000,- sendar frítt hvert á land sem er.

HEIMKAUP

Nú versla Íslendingar á netinu... á Heimkaup.is!

Smáratorgi 3 · 201 Kópavogi · 550 2700

SVONA ERUM VIÐ



181.000 starfandi língar voru á vinnumarkaðnum í apríl.

Hefur þeim fjölgað um rúmlega 11 þúsund á síðustu tólf mánuðum.

Krakkar af öllu Austurlandi fæddir 2001 fá tækifæri til að kynna sjávarútvegi og skyldum greinum:

Sjárúttvegsskóli Austurlands settur á fót


MENNTUN Sjávarúttvegsskóli Austurlands mun starfa um allan fjórðunginn í sumar. Í ár gefst ungmennum sem fædd eru árið 2001 kostur á að sækja skólann, en ráðgert er að kenna á sex stöðum; í Neskaupstað, á Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Vopnafirði, Höfn og Seyðisfirði. Næmendum frá þeim byggðarlögum, sem ekki verður kennt í, verður ekið til og frá kennslustað. Auk sveitarfélaga við sjávarstöðuna mun Fljótshálsá taka fullan þátt í skólalæðinu.

Skólinn á rætur að rekja til Sjávarúttvegsskóla Síldarvinnslunnar sem hóf starf sitt sumarið 2013. Mikill áhugi reyndist vera á skólalæðinu en lögð var áhersla á að fræða

ungmennin um sögu sjávarútvegs og fiskvinnslu, gæða- og markaðsmál, starfsmannamál og menntun starfsfólks í sjávarútvegi og tengdum greinum. Þá var farið í vettvangshémsóknir um borð í skip, fiskvinnslufyrirtæki og til fyrirtækja sem þjónusta sjávarútveginn. Meginástæða þess að efnt var til skólalæðs sem þessa er sú að skólalæðingur leggur litla áherslu á fræðslu um þessa undirstöðuatvinnugrein, segir í frétt frá Síldarvinnslunni, sem hlaut viðurkenningu Samtaka atvinnulífsins sem menntasproti ársins í febrúar síðastliðnum fyrir frumkvæði sitt við að koma Sjávarúttvegsskólalæðinu á fót. -sh



Á NESKAUPSTAÐ Á þriðja ári er Sjávarúttvegsskólinn að sprengja allt utan af sér. MYND/SÍLDARVINNSLAN



MIKID TJÓN Byggingin er talsvert skemmd eftir slysið.

NORDICPHOTOS/AFP

Pungur hlutur hrapaði niður 28 hæðir í New York í gær:

Tíu manns slösuðust í óhappinu

NEW YORK Tíu manns slösuðust í New York í gær þegar þungur hlutur sem krani var að hífa féll niður 28 hæðir. Hluturinn losnaði af kranavirnum og hrapaði á ógnarhraða niður á gangstétt á Madison Avenue.

Hluti byggingarinnar skemmdist eins og sést á myndinni en tjónið hefði getað orðið mun meira.

Mildi þykir að ekki fór verr og Bill de Blasio, borgarstjóri í New York, þakkaði guði fyrir að óhappið varð snemma á sunnudegi en ekki á háannatíma því þá hefði fleira fólk hugsanlega slasast. -gfp

Enginn sótti um 11 lausar stöður nyrðra

Erfiðlega gengur að fá sérgreinalækna til starfa hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri. Staðsetning spítalans og efnahagshrunið árið 2008 skýra það að einhverju leyti, segir framkvæmdastjóri lækninga. Auglýsa nú eftir læknum á erlendum vettvangi.

HEILBRIGÐISMÁL Enginn sérfræðilæknir sótti um starf hjá sjúkrahúsinu á Akureyri nú nýverið. Sjúkrahúsið auglýsti ellefu lausar stöður sérfræðilækna í vor. „Við höfum sent sams konar auglýsingar til Norðurlanda núna til að fylla í stöðurnar,“ segir Sigurður Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga við Sjúkrahúsið á Akureyri.

„Við auglýstum eftir töluvert mörgum stöðum en höfum ekki fengið umsókn frá íslenskum læknum. Nú eru komnar í birtingu sams konar auglýsingar á Norðurlöndunum og við finnum að sú auglýsing hefur vakið athygli einhverra því við erum farnir að fá einhverjar fyrirspurnir,“ segir Sigurður. „Það er auðvitað áhyggjuefni að íslenskir lækna sem eru úti hafi ekki sótt um en við vonum að þeir skili sér núna.“

Erfiðlega hefur gengið að manna þær stöður sem eru að losna og eru sérgreinalækna á sjúkrahúsinu á Akureyri margir hverjir að komast á aldur og því þarf að ráða í margar stöður. Forsvarsmenn sjúkrahússins reyna því að fylla í margar stöður í þessari atrennu til að forðast að lenda í þeirri klemmu að vanta sérgreinalækna að nokkrum árum liðnum.

Sjúkrahúsið á Akureyri er stærsta sjúkrahúsið í landsbyggðunum og sinnir þjónustu við íbúa allt frá Húnaþingi vestra og langt austur á land. Sigurður segir ástæður þess að enginn hafi sótt um stöðurnar líklega margþættar.

„Það er skortur á sérgreinalæknum nú þegar á landinu og þeir íslensku lækna sem eru hér á



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI Auglýst var í Læknaþingi og á Starfatorgi ríkisins eftir sérgreinalæknum en það bar engan árangur.

landi eru nú þegar komnir í stöður. Einnig hefur efnahagshrunið 2008 líklega áhrif sem og að byggðasjónarmið geta einnig haft áhrif,“ segir Sigurður og segir erfiðara að fá lækna til starfa utan stórra þéttbýlisstaða. Það sé ekki séríslenskt fyrirbæri að erfiðara sé að manna stöður í dreifðum byggðum og það hafi sýnt sig í Evrópu að erfitt sé að manna stöður utan stórborga.

„Nú horfir kannski til betri tíma í efnahagslífinu og við erum að færa okkur upp úr öldudal hrunsins,“ segir Sigurður. „Við leggjum áherslu á að hér á Akureyri eru ýmis gæði sem við vinnum ekki á öðrum stöðum og við erum að benda á það fjölskylduvæna sam-



Við auglýstum eftir töluvert mörgum stöðum en höfum ekki fengið umsókn frá íslenskum læknum

Sigurður Einar Sigurðsson, Framkvæmdastjóri lækninga á við Sjúkrahúsið á Akureyri

félag sem er hér til staðar á Akureyri. Vonandi náum við að fylla í stöðurnar á næstu vikum.“

sveinn@frettabladid.is

BYRJENDANÁMSKEIÐ Í TENNIS FYRIR FULLORÐNA
eru að hefjast

Skráning stendur yfir í síma 564 4030 og á tennishollin.is



Viltu meðhöndla liðverkinn án þess að taka töflur?

Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.



Lyfjaauglýsing

150g

50% meira magn!

Inniheldur 11,6 mg af dikklofenakvívílamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaiptu borði á samt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiddi í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Háfið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetylsalísílsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetylsalísílsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hættu á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á atækum aukaverkunum, t.d. á nyru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

The logo for Vís, consisting of the letters 'Vís' in a white, stylized font on a red square background.

VIÐ VITUM HVAÐ DRAUMAFERÐIN SKIPTIR MIKLU MÁLI

Nú safnar þú Vildarpunktum Icelandair með F plús

Það stýttist í draumferðina því nú geta þeir sem eru með F plús safnað Vildarpunktum Icelandair af öllum viðskiptum sínum við VÍS. Þú færð 2.000 Vildarpunkta um leið og þú skráir þig á vis.is.

F plús
færir þér
Vildarpunkta
Icelandair

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

ICELANDAIR



Mismunandi orkukostnaður: Orka dýrust á Vestfjörðum

NEYTENDUR Húshitun og rafmagnskostnaður er hæstur hjá Orkubúi Vestfjarða (OV) samkvæmt úttekt Orkustofnunar fyrir Byggðastofnun.

Er verðið á rafmagni og húshitun nærri tvöfalt dýrara en í Hveragerði þar sem verðið er lægst. Tekin var saman raforku- og hitaveita og heildarorkunotkun skoðuð.

Rafmagnið er ódýrast á Akureyri en dýrast hjá OV. Þar er munurinn um 30 prósent. Meiri munur er á húshitun. Hún er ódýrust í Hveragerði en dýrust hjá OV og í dreifbýli á svæði RARIK. Verðmunurinn þar er rúmlega tvöfaldur.

- sa

Vísitala fyrir matvæli óbreytt: Lækkun á vísitölu framleiðsluverðs

HAGSTOFAN Vísitala framleiðsluverðs lækkaði um 0,8 prósent frá mars til aprílmánaðar þetta árið samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Í apríl var hún 222,6 stig.

Vísitala framleiðsluverðs fyrir sjávarafurðir var 277,3 stig, sem er hækkun um 0,7 prósent frá fyrri mánuði, og vísitala fyrir stóriðju var 229,4 stig og lækkaði um 3,3 prósent.

Vísitalan fyrir matvæli hélst óbreytt milli mánaða og vísitala fyrir annan iðnað hækkaði um 1,0 prósent.

- ngy

Sjávarútvegsfyrirtæki farin í alþjóðlegt markaðsátak

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi halda utan um herferð í markaðsmálum íslensks sjávarfangs. Kastljósinu er beint að neytendum. Tækifærin eru mikil enda selja íslensk fyrirtæki 20 milljónir fiskmáltíða á hverjum degi.

SJÁVARÚTVEGUR Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) samþykktu á aðalfundi sínum í gær að ráðast í herferð til markaðssetningar íslensks sjávarfangs. Það verður gert undir yfirskriftinni „Fiskur frá Íslandi“ og beinist beint að neytendum. Möguleikarnir til að auka verðmæti sjávarfangs héðan virðast gríðarlegir en verkefnið er hugsað til langs tíma.



**KOLBEINN
ARNASON**

Þetta kom fram á ráðstefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) á föstudag, þar sem markaðssetning og aukin verðmæti sjávarafurða voru í forgrunni.

Nálgun Kolbeins Arnasonar, framkvæmdastjóra SFS, að verkefninu í erindi sínu var allrar athygli verð. Íslendingum er samt að vega og meta árangur sinn í fiskveiðum í tonnum, en hann benti á að á hverjum degi framleiðir íslenskur sjávarútvegur sem nemur 20 milljónum máltíða á mörkuðum okkar með sjávarfang. Þó að hans mati sé flest vel gert við veiðar, vinnslu og sölu á sjávarfangi á Íslandi

20 milljónir máltíða á dag sem Íslenskur sjávarútvegur framleiðir.

þá sé ástæða til að taka markaðsmálin „alvarlega til skoðunar“, enda beri greininni að gera sífellt betur þegar ábyrgð hennar gagnvart íslensku samfélagi sé höfð hugföst. Hann tiltók að íslenskur sjávarútvegur væri sá eini í OECD-löndunum sem skilar meiru til samfélagsins en hann þiggur í formi ríkisstyrkja.

Helga Thors, markaðsstjóri SFS, gerði grein fyrir ákvörðun aðalfundar samtakanna í gær – að ráðast í markaðsátak eða herferð. Nokkuð sem hefur verið í undirbúningi um skeið.

Helga sagði að í sem einföldustu máli væri takmarkið að auka verðmætin. Til þess yrði lögð áhersla á sérkenni lands og þjóðar og okkar villta fisk, sjálfbærni veiðanna, tækni og nýsköpun. „Við höfum frábæra sögu að segja en við höfum ekki verið að segja hana markvisst hingað til,“ sagði Helga og bætti við að þrátt fyrir velgengi höfum við sjálf ekki stjórn á vörumerkinu „Fiskur frá Íslandi“, en um 99% af öllu sjávar-



Á SJÓ Íslendingar fá 40% herra verð fyrir sínar afurðir en Norðmenn – engin þjóð þénar jafn mikið hlutfallslega á sjávarútvegi og er á sama tíma jafn háð fiskveiðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/USE

fangi veiddu á Íslandsmiðum eru flutt út – en 90% af því magni fara fyrst í hendurnar á milliliðum hvers konar. „Nú ætlum við að tala við neytendur beint.“

Sigurður Ingi Jóhannsson

sjávarútvegsráðherra sagði í sínu erindi að telji greinin eftirsóknarvert að fá liðsinni stjórnvalda við markaðssetningu þá sé hann boðinn og búinn til að vinna að því á sínum vettvangi. svavar@frettabladid.is

Pingkosningar fara fram í Danmörku þann 18. júní:

Bláa blokkinn stærst

STJÓRN MÁL Bláa blokkinn svokallaða er með meirihluta í skoðanakönnun Berlingske um fylgi stjórnmálaflokkanna í þingkosningum í Danmörku.

Þingkosningar fara fram í landinu þann 18. júní næstkomandi.

Bláa blokkinn er með 51,7 prósent atkvæða. Rauða blokkinn svonefnda er með 48,3 prósent fylgi samkvæmt könnuninni.

Fram til þessa hefur jafnaðarmönnum Helle Thorning-Schmidt forsætisráðherra gengið vel en aðrir vinstriflokkar fóru að gefa eftir. Stuðningurinn við Jafnaðarmannaflokkinn er um 25 prósent en þrátt fyrir gott gengi flokksins mælist nú bláa blokkinn með meirihluta atkvæða. Þar fer Lars Løkke, formaður Venstre, fremstur í flokki.

Til bláu blokkarinnar í dönskum stjórnmálum teljast Venstre, Danskí þjóðarflokkurinn, sem hefur aukið



PINGKOSNINGAR Forsætisráðherra Danmerkur boðaði til þingkosninga 18. júní næstkomandi.

fylgi sitt mikið að undanförunu, og danski íhaldsflokkurinn.

Til rauðu blokkarinnar teljast Sósíaldemókratar, Einingarlistinn, Radikale venstre og stuðningsflokkur ríkisstjórnar Thorning-Schmidt.

- ngy

Pingvallavatni lokað fyrir beituveiði til 15. júní:

Lokað vegna vorkulda

VEIÐI Þjóðgarðsvörður hefur framlengt bann við stangveiði með beitu í Þingvallavatni vegna vorkulda og síðbúinnar göngu stórrurriðans hans vegna. Veiði á allt agn átti að vera leyfilegt frá og með næsta mánudegi, 1. júní, en skyndilokun þjóðgarðsvarðar þýðir að aðeins fluguveiði er leyfð til 15. júní. Sleppa skal öllum veiddum fiski eins og skylda hefur verið til í vor.

Þessi maímánuður er sá kaldasti frá 1977 og því er allt lífríkið á eftir áætlun og því talið nauðsynlegt að grípa til aðgerða til verndunar urriðastofnsins.

Í tilkynningu segir að mikil uppbygging hefur átt sér stað á urriðastofninum í Þingvallavatni undanfarin ár. „Hætt er við því að stórt skarð yrði höggvið í stofninn ef beituveiði myndi hefjast þar 1. júní.



FALLEG VEIÐI Aðeins er veitt á flugu til 15. júní – öllum urriðum skal sleppt.

MYND/HINRIK

Ekki bætir úr skák að bleikjan er einnig á eftir áætlun og varla farin að sjást í vötnum landsins þannig að álag á þjóðgarðinn með beituveiði yrði enn meira fyrir vikið þar sem veiðiálag dreifist lítið á önnur vatnasvæði.“

- sha



PANTAÐU BIÐPÓST FYRIR SUMARFRÍIÐ!

Með biðpósti sleppurðu við að pósturinn hlaðist upp heima hjá þér meðan þú ert í fríi.

Pantaðu biðpóst á www.postur.is eða á næsta pósthúsi og þú velur hvar pósturinn þinn biður eftir þér.

VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA www.postur.is





VIÐURKENNING Rio Tinto Alcan fékk verðlaunin í fyrra. MYND/FESTA

Jafnréttisverðlaun til OR:

Vinnan henti báðum kynjum

JAFNRÉTTI Orkuveita Reykjavíkur hlaut Hvattningarverðlaun jafnréttismála árið 2015.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, afhenti Bjarna Bjarnasyni, forstjóra Orkuveitunnar, viðurkenningu í gær. Orkuveitan hefur markvisst tekið skref til jafnréttis og að jafna stöðu kynjanna. Fyrirtækið hefur unnið að því að breyta vinnuumhverfinu þannig að það henti betur báðum kynjum.

Verðlaunin eru veitt í annað sinn en í fyrra fóru þau til Rio Tinto Alcan.

- sfs

42 prósent hækkun í febrúar:

Aflaverðmæti eykst milli ára

HAGSTOFAN Verðmæti afla upp úr sjó nam tæpum 16,2 milljörðum í febrúar eða 41,7 prósent hærra en í febrúar 2014. Frá þessu greinir Hagstofa Íslands.

Vegur þar þyngst aflaverðmæti loðnu sem nam tæpum 6 milljörðum og jókst um um 4 milljarða samanborið við febrúar 2014. Aflaverðmæti þorskaflans nam 6,2 milljörðum í febrúar sem er ríflega 24% aukning miðað við sama mánuð 2014.

Aflaverðmæti á tólf mánaða tímabili frá mars 2014 til febrúar 2014 nam 142,6 milljörðum.

- ngy



DJÚPIVOGUR Faktorshúsið er gráa húsið fremst. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Styrkur úr húsfriðunarsjóði:

Fá tíu milljónir í Faktorshúsið

MENNINGARMÁL Minjastofnun Íslands hefur veitt 10 milljóna króna styrk úr húsfriðunarsjóði vegna hins 167 ára gamla Faktorshúss á Djúpavogi. Sveitarstjórn þar segir styrkinn mjög mikilvægt skref í áframhaldandi uppbyggingu við húsið.

Fara á í samfellda vinnu við fyrsta áfanga við Faktorshúsið, það er frágang lóðar og 1. hæð, og ljúka þeim áfanga á næsta ári að því er segir á vef hreppsins. Samhliða á að halda áfram að leita stuðnings við verkefnið.

- gar

Spurt um aksturssamninga:

Vilja vita hvað hefur sparast

REYKJAVÍKURBORG „Mikils ósamræmis gætir í aksturssamningum hjá borginni annars vegar og fyrirtækjum í meirihlutaeigu borgarinnar hins vegar,“ segir í bókun sjálfstæðismanna í borgarráði. Þeir vilja vita um áhrif uppsagna á aksturssamningum 432 borgarstarfsmanna fyrir hálfu ári. BHM krefjast að uppsagnirnar verði dregnar til baka því þær séu kjaraskerðing.

